



SAMÞYKKT UM KYNNINGU Á KENNARAMENNTUN OG KENNARASTARFINU

Sjötti aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 8.-9. maí 2014 lýsir yfir ánægju með breytt fyrirkomulag kennaramenntunar sem samþykkt var á Alþingi árið 2008. Með því viðurkenndi löggjafinn að efla þyrfti menntun kennara enda um sérfræðingsstarf að ræða þar sem krafist er fagmennsku, frumkvæðis, forystu, læsis á rannsóknir o.fl. Til þess að Íslendingar eigi á að skipa góðum kennurum á öllum skólastigum/skólagerðum er nauðsynlegt að menntun þeirra sé framúrskarandi og í samræmi við þær menntunarkröfur sem gerðar eru til annarra sérfræðinga í þjóðfélaginu.

Ástæða er til að hafa verulegar áhyggjur af yfirvofandi kennaraskorti þar sem aðsókn í kennaranám hefur farið dvínandi síðustu misseri og næstu ár munu fjölmennir árgangar kennara fara á eftirlaun.

Fundurinn skorar á yfirvöld menntamála að standa vörð um hið nýja kennaranám og kynna það vel. Jafnframt er skorað á kennara og aðra sem láta sig skólastarf varða að kynna kennarastarfið sem víðast og gera það á allan hátt eftirsóknarvert.

Kennarastarfið er eitt mikilvægasta starf hvers samfélags.